



Hestamannafélagið Glaður

Stjórnarfundur 5. júní 2006

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Glaðs haldinn að Gunnarsbraut 7 í Búðardal, 5. júní 2006.

Mættir: Valberg, Eyþór, Viðar, Svala og Þórður.

1. Formaður sagði frá því að sex Glaðsfélagar stóðu heiðursvörð við útför Magnúsar Jósefssonar þann 3. júní sl. Fram kom að aðstandendur voru þakklátir fyrir framtakið.
2. Formaður sagði frá UDN þinginu sem haldið var fyrir nokkrum dögum.
3. Formaður sagði frá því að það væri verið að sauma 8 Glaðsjakka, þar af eru 4 seldir. Jakkarnir verða vonandi tilbúnir fyrir landsmót.
4. Glaður tók þátt í reiðhallarsýningu í Víðidag í byrjun maí og hafði Hilmar Jón Kristinsson veg og vanda af því.
5. 50 borðfánar hafa verið pantaðir.
6. Dómaramál. Breytt hefur verið um fyrirkomulag við úthlutun dómara. Ákvörðun um dómara er nú tekin hjá LH.
7. Reiðhallarmálið. Lítið að fréttu ennþá.
8. Landsmót. Athuga þarf með afmarkað tjaldsvæði fyrir félagið. Ákveðið að félagið greiði skráningargjöld fyrir sína keppnishesta eins og áður.
9. Reiðvöllurinn. Rætt um vikur og flutning á honum. Leirblandaður vikur þykir heppilegur. Valberg falið að ganga frá þessu. Gilbert ætlar að undirbúa völlinn undir vikurinn á næstu dögum. Rætt um gróður í kringum völlinn og formaður leggur til að reynt verði að semja við Skógræktarfélagið um aðstoð við það. Einnig ákveðið að stefna að vinnudegi aftur á næstunni.
10. Verðlaunapeningar. Hægt er að fá peninga mun ódýrari ef allir eru keyptir í sama lit. Samþykkt að gera það til reynslu, íþróttanefndin sér um málið.
11. Bikarmótið. Formanni falið að fá 2 menn til að vinna að undirbúningi.
12. Formaður mun kalla Nesoddanefndina saman á næstunni.
13. 900.000 krónur fengust í reiðvegi. Ákveðið að laga leiðina yfir Saurstaðaháls, Ólafur á Leikskálum ætlar að vinna að því.
14. Góð þátttaka virðist ætla að verða á reiðnámskeiðinu. Hugmyndir komu fram um annarskonar námskeið líka. Einnig rætt um hugsanleg ferðalög á vegum félagsins.

Margt fleira rætt en ekki bókað.

Þórður Ingólfsson (sign)

Valberg Sigfússon (sign)

Eyþór J. Gíslason (sign)

Viðar Þór Ólafsson (sign)